

AUGLÝSING

133

30. júlí

um breytingar á samþykkt nr. 225 15. desember 1943, um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Aftan við 1. málsgrein 2. gr. samþykktarinnar bætist: nema á laugardögum kl. 3 síðdegis:

4. málsgrein 2. greinar hljóði þannig:

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum ekki síðar en kl. 12 á hádegi.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

134

8. ágúst

fyrir vatnsveitu í Hólmavíkurreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hólmavíkurhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skipar sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hólmavíkur, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skýlt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband

134 við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, 8. ágúst sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeyminum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjaldþega.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni, samkv. 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkv. hegningarlögunum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkv. mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum Hólmavíkurkaupþúns, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því og nota vatn úr vatnsæðum hreppsins.

14. gr.

Af öllum húsum í Hólmavíkurbkaupþúni, sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 12% — tólf af þúsundi —, þó skal lágmark skattsins vera kr. 50.00 fyrir hvert íbúðarhús.

134

8. ágúst

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 18% — átján af þúsundi — af fasteignamatsverði.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr. 0.20
2. Af hverri tunnu flakaðrar síldar	— 0.35
3. Af hverri smálest innvegins nýs fisks	— 1.00
4. Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skpd.	— 0.20
5. Fyrir hvern stórgrip, sem stendur inni, á ári	— 10.00
6. Fyrir þvott á bifreiðum, í hvert sinn	— 2.00
7. Fyrir hverja frysta síldartunnu	— 0.15
8. Fyrir hvern kjötskrokk	— 0.06
9. Fyrir vatn í steypu, af hverri sementstunnu	— 0.40

17. gr.

Þegar um er að ræða fyrirtæki, sem nota mikið vatn, svo sem síldarverk-smiðjur og hraðfrystihús, getur vatnsveitan ákveðið að selja vatn um mæli. Af fyrstu 500 smálestum sé þá greitt kr. 0.50 af smálest, af næstu 500 smál. sé greitt kr. 0.25 af smálest og af því, sem þar er fram yfir, skal greiða kr. 0.10 af smálest.

Vatnsveitan leggur til mæla, en notendur greiða eftir þá hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar.

18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðar- maður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

19. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda kr. 6.00 fyrir smálest hverja eða brot úr smá- lest. Minnsta gjald fyrir fiskiskip er kr. 10.00 og kr. 15.00 fyrir önnur skip. Vatns- veitunefnd er heimilt að ákveða, að fyrir skip, sem skrásett eru að eiga heima í Hólmavík og eru undir 30 rúmlestir að stærð, séu greiddar kr. 30.00 í fast gjald á ári, og fyrir bifreiðar, sem eru í eigu manna í Hólmavíkurbkaupþúni, séu greiddar kr. 30.00 á ári, enda greiðist gjöld þessi fyrir fram. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafskipabryggja Hólmavíkurbkaupþúni greiði vatnsveitunni ákveðna upp- hæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjum, og af rekstri þeim, er fram fer á plönnum hennar og bryggju, svo sem síldarsöltun og fleira.

20. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatns- skatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda.

134

8. ágúst

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjald dags vatnsskatts húsa er 31. maí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkv. 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

21. gr.

22. gr.
Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerðinni skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gíslí Jónasson.

135

8. ágúst

J A R Þ R Æ K T A R S A M Þ Y K K T

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæða og markmið.

1. gr.

Búnaðarsambandi Austurlands sé skipt í eftirfarandi samþykktarsvæði og ræktunarfélög:

1. Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps;
2. Búnaðarfélag Vopnafjarðahrepps;
3. Búnaðarfélag Jökuldalshrepps, Búnaðarfélag Hlíðahrepps, Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps, Búnaðarfélag Fellahrepps og Búnaðarfélag Tunguhrepps;
4. Búnaðarfélag Skriðdalshrepps, Búnaðarfélag Vallahrepps, Búnaðarfélag Eiðahrepps og Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps;
5. Búnaðarfélag Borgarfjarðahrepps;
6. Búnaðarfélag Loðmundarfjarðahrepps;
7. Búnaðarfélag Seyðisfjarðahrepps og Búnaðarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar;
8. Búnaðarfélag Mjóafjarðahrepps;
9. Búnaðarfélag Norðfjarðahrepps og Búnaðarfélag Neskaupstaðar;
10. Búnaðarfélag Helgustaðahrepps, Búnaðarfélag Eskifjarðahrepps og Búnaðarfélag Reyðarfjarðahrepps;
11. Búnaðarfélag Fáskrúðsfjarðahrepps og Búnaðarfélag Búðahrepps;